

Umsögn kennara í Deild faggreinakennslu á Menntavísindasviði um frumvarp til laga um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla

Í eftirfarandi umsögn um frumvarp til laga um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla leggjum við, kennarar við Deild faggreinakennslu á Menntavísindasviði Háskóla Íslands, megináherslu á tvo þætti sem við teljum að þarfnist endurskoðunar í frumvarpinu: að betur verði hugað að sveigjanleika milli grunn- og framhaldsskóla og að kröfur um faggreinaþekkingu grunnskólakennara verði betur skilgreindar.

Í inngangi greinargerðar með frumvarpinu (bls. 7) birtist vilji löggjafans til að stuðla að meiri sveigjanleika milli skólastiga. Við sem störfum í Deild faggreinakennslu deilum þessu viðhorfi enda hefur slík sérhæfing sem gengur þvert á skólastig legið til grundvallar kennaramenntun í nágrannalöndunum. Þar fá kennarar með sérhæfingu í tilteknum faggreinum, þ.e. greinum sem samsvara kennslugreinum í grunnskóla, full réttindi til að kenna í framhaldsskólum og í efri bekkjum grunnskóla. Við gerum okkur grein fyrir því að löggjafinn telur sig geta mætt kröfum um sveigjanleika með því að gefa út eitt leyfisbréf fyrir öll skólastig. Við óttumst hins vegar að með því fyrirkomulagi sem stefnt er að skv. frumvarpsdrögunum skapist hætta á að of lítil áhersla verði lögð á faggreinaþekkingu grunnskólakennara, en hún er undirstaða náms í grunnskólum, einkum á efri stigum. Við teljum því mikilvægt að nánar sé kveðið á um það í frumvarpinu að grunnskólakennarar, líkt og framhaldsskólakennarar, búi yfir tiltekinni þekkingu á faggreinum og kennslufræði þeirra. Einnig að tekið sé mið af mismunandi þörfum á mismunandi stigum grunnskólans en í 5. grein frumvarpsdraganna er fjallað um kröfur til grunnskólakennara á öllum stigum grunnskólans.

Þar sem lögnum er ætlað að vera leiðbeinandi fyrir skipulag kennaranáms, og skráðri sérhæfðri hæfni er ætlað að auðvelda stjórnendum skóla að velja hæfa kennara teljum við mikilvægt að greinatengd hæfni sem tekur mið af þörfum grunnskólans sé skilgreind í lögnum.

Í grunnskólum landsins er eftirfarandi fyrirkomulag algengt:

- a) Nemendur hafa umsjónarkennara í 1.–7. bekk sem kennir þeim flestar bóklegar greinar
- b) List- og verkgreinar eru kenndar af sérhæfðum faggreinakennara á sviðinu sem kennir grein sína mörgum árgöngum/bekkjum viðkomandi skóla
- c) Á unglingsstigi kenna mismunandi kennarar faggreinar sem þeir hafa sérhæfða hæfni til.

Í 5. grein frumvarpsdraganna er sérhæfð hæfni leik-, grunn- og framhaldsskólakennara skilgreind. Ítarlega er fjallað um sérhæfða hæfni framhaldsskólakennara (töluliðir 3–6) en aðeins er fjallað stuttlega um sérhæfða hæfni grunnskólakennara í tölulið 2. Þar segir:

Kennari með sérhæfingu á grunnskólastigi býr auk almennrar hæfni yfir sérhæfðri hæfni í að lágmarki einu greinasviði aðalnámskrár grunnskóla á stigi 1.1 skv. viðmiðum um æðri menntun og prófgráður.

Í þessu felst krafa um 30–120 eininga nám á grunnstigi háskóla. Lágmarkshæfni er þannig hæfni sem svarar til 30 eininga háskólanáms (einnar annar) í einni af kennslugreinum grunnskólans. Miðað við núgildandi lög og reglugerð er hér um verulegan niðurskurð að ræða því þar er kveðið á um 120 einingar í faggreinum. Hæfni sem samsvarar 30 einingum á einu greinasviði er hvorki fullnægjandi undirbúningur til kennslu í yngri né eldri bekkjum grunnskóla.

Til samræmis við nákvæma upptalningu á sérhæfðri hæfni framhaldsskólakennara er lagt til að í stað töluliðar 2 í 5. grein komi:

- A) Kennari með sérhæfingu til að kenna bóknámsgreinar á yngsta- og miðstigi býr auk almennrar hæfni yfir sérhæfðri hæfni sem samsvarar að lágmarki 90 eininga námi á stigi 1.1 skv. viðmiðum um æðri menntun og prófgráður, í kjarnagreinunum íslensku, stærðfræði og ensku ásamt 30 einingum í sérhæfðri kennslufræði þessara greina.

- B) Kennari með sérhæfingu til að kenna list- og verkgreinar á grunnskólastigi býr auk almennrar hæfni yfir sérhæfðri hæfni sem samsvarar að lágmarki 90 eininga námi á stigi 1.1 skv. viðmiðum um æðri menntun og prófgráður, í viðkomandi grein auk 30 eininga í sérhæfðri kennslufræði viðkomandi greinar.
- C) Kennari með sérhæfingu til að kenna bóklegar greinar á unglingastigi býr auk almennrar hæfni yfir sérhæfðri hæfni sem samsvarar að lágmarki 90 eininga námi, á stigi 1.1 skv. viðmiðum um æðri menntun og prófgráður, í 1 – 2 bóklegum greinum auk 30 eininga í sérhæfðri kennslufræði viðkomandi greina.

Með slíkri breytingu skapast samfella í menntunarkröfum til kennara á aðliggjandi skólastigum, tillaga okkar í liðum B og C samræmist sérhæfðri hæfni framhaldsskólakennara á hæfniþrepi 1 enda er um að ræða nemendur á svipuðum aldri sem leggja stund á nám á svipuðu hæfniþrepi, sjá tölulið 3 í grein 5 í frumvarpsdrögum, en þar segir:

Kennari með sérhæfingu til að kenna list- og bóknámsgreinar á 1. hæfniþrepi skv. aðalnámskrá framhaldsskóla eða aðalnámskrá tónlistarskóla, býr auk almennrar hæfni yfir sérhæfðri hæfni, að lágmarki 90 námseiningar, á stigi 1.1 skv. viðmiðum um æðri menntun og prófgráður.

Hvað varðar faggreinaþekkingu og hæfni kennara sem kenna yngri bekkjum grunnskóla, leggjum við í lið A sérstaka áherslu á íslensku, ensku og stærðfræði enda þessar greinar taldar mjög mikilvægar við undirbúning nemenda fyrir áframhaldandi nám og þær taldar kjarnagreinar í framhaldsskóla. Þetta er einnig í samræmi við þær áherslur sem má finna í kennaranámi annars staðar á Norðurlöndunum.

Við skipulag kennaranáms má gera ráð fyrir að verðandi kennurum á yngsta- og miðstigi verði gefinn kostur á vali í samfélags- og náttúrufræðigreinum og dönsku ásamt upplýsingatækni og miðlun en þessar greinar eru allar kennslugreinar á yngsta- og miðstigi. Til að tryggja flæði milli stiga grunnskólans og frá grunnskóla í framhaldsskóla er nauðsynlegt að kennurum og kennaranemum gefist kostur á að bæta við sig einingum í faggreinum til að öðlast þá sérhæfðu hæfni sem krafist er í hverju tilviki fyrir sig.

Að lokum viljum við ítreka að ef hugmyndir um eitt leyfisbréf koma til framkvæmda teljum við mikilvægt að vandlega verði gætt að faggreinakennslu í grunn- og framhaldsskólum og stuðlað að sveigjanleika og samfelli milli þessara skólastiga með því að skilgreina sérhæfða hæfni fyrir kennslu mismunandi aldurshópa.

Virðingarfyllst,

Freyja Hreinsdóttir, dósent í stærðfræði og deildarforseti Deildar faggreinakennslu á Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

Helga Rut Guðmundsdóttir, dósent í tónmennt /tónlistarfræði og varadeildarforseti Deildar faggreinakennslu

Guðbjörg Pálsdóttir, dósent í stærðfræðimenntun og formaður námsbrautar í stærðfræði, náttúrugreinum og upplýsingatækni

Hanna Ólafsdóttir, lektor í listgreinum og formaður námsbrautar í list- og verkgreinum

Ólöf Garðarsdóttir, prófessor í félagssögu og formaður námsbrautar í samfélagsgreinum

Samuel Lefever, dósent í kennslufræði erlendra tungumála og formaður námsbrautar í íslensku og erlendum tungumálum

Þuríður Jóna Jóhannsdóttir, dósent í menntunarfræði og formaður námsbrautar í kennslufræði framhaldsskóla

Anna Þorbjörg Ingólfisdóttir, lektor í íslensku

Auður Pálsdóttir, lektor í kennslufræði

Ása Helga Proppé Ragnarsdóttir, Aðjunkt í kennslufræði leiklistar

Ásdís Jóelsdóttir, lektor í textíl

Berglind Gísladóttir, lektor í kennslufræði

Elsa Eiríksdóttir, dósent í sálfræði
Friðrik Diego, lektor í stærðfræði
Gunnar E. Finnbogason, prófessor í kennslufræði, námskrárfræði og siðfræði
Gunnar J. Gunnarsson, prófessor í trúarbragðafraeði og trúarbragðakennslu
Halla Jónsdóttir, Aðjunkt í hugmyndasögu vísinda og menntunar, kennslufræði og siðfræði
Hanna Óladóttir, aðjunkt í íslensku
Hrefna Sigurjónsdóttir, prófessor í líffræði
Ingibjörg B. Frímannsdóttir, lektor í íslensku
Ingólfur Gíslason, aðjunkt í stærðfræðimenntun
Jón Yngvi Jóhannsson, lektor í íslensku
Kristín Norðdahl, dósent í náttúrufræðimenntun
Kristján Jóhann Jónsson, dósent í íslenskum bókmenntum
Rannveig Björk Þorkelsdóttir, aðjunkt í kennslufræði leiklistar
Sigurður Konráðsson, prófessor í íslenskri málfræði
Sólveig Jakobsdóttir, dósent í fjarkennslufræðum
Sigríður Pétursdóttir, deildarstjóri í Deild faggreinakennslu.